

Ár 2026, þriðjudaginn 15. september 2026 kl. 15:00, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal á TEAMS, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Lúðvík Erni Steinarssyni og Halldóri Brynjari Halldórssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 6/2026

Knattspyrnudeild Fram

gegn

Knattspyrnudeild Grindavíkur

og

Knattspyrnudeild Njarðvíkur

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR:

I

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Lúðvík Örn Steinarsson og Halldór Brynjar Halldórsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 8/2025, var kveðinn upp þann 2. september 2026, þar sem því var hafnað að breyta úrslitum leiks sameiginlegs liðs Grindavíkur/Njarðvíkur (hér eftir G/N) gegn Fram í Bestu deild kvenna úr 4-0 sigri G/N í 0-3 sigur Fram. Varakröfu áfrýjanda um sektargerð var jafnframt hafnað með vísan til þess að það væri á hendi framkvæmdastjóra KSÍ samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 7. september sl. þar sem áfrýjandi gerir eftirfarandi kröfur:

Að úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 2/2026 verði hrundið og breytt á þann veg, að Fram verði dæmdur sigur með markatölunni 3-0 (tap G/N 0-3), í leik G/N og Fram í Bestu deild kvenna sem fram fór fimmtudaginn 20. ágúst 2026, með vísan til 2. málsl. 37.6 gr., sbr. 1. mgr. 36.3 gr. (til vara 1. mgr. 36.1. gr.) reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Til vara er þess krafist að G/N, verði gert að greiða sekt til KSÍ samkvæmt 37.6. gr. og 37.7. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Áfrýjunardómstól KSÍ barst greinargerð frá kærða þann 11. september sl. þar sem kærði gerir eftirfarandi kröfur:

Að málinu verði vísað frá áfrýjunardómstóli KSÍ.

Til vara að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur.

II

Áfrýjandi gerði sömu kröfur fyrir aga- og úrskurðarnefnd og gerðar eru fyrir áfrýjunardómstól KSÍ. Málið má rekja til þess að lið G/N stillti upp 9 varamönnum í leik gegn Fram í Bestu deild kvenna þrátt fyrir að gr. 9.6.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót segi að slíkt sé heimilt ef a.m.k. tveir varamannanna séu gjaldgengir í 2. aldursflokk. Samkvæmt úrskurði aga- og úrskurðarnefndar var kröfum áfrýjanda hafnað með vísan til þess að sérstakt sektarákvæði gr. 37.6 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót geri þær kröfur að brot á gr. 9.6.1 reglugerðarinnar sé gert vísitandi svo að það komi til greina að breyta úrslitum leiks. Samkvæmt hinum áfrýjaða úrskurði taldi aga- og úrskurðarnefnd ekki unnt að slá því föstu að svo hafi verið.

Með hinum áfrýjaða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kröfu áfrýjanda um að dæma kærða til að greiða sekt jafnframt hafnað með vísan til gr. 37.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót sem kveður á um að framkvæmdastjóri KSÍ taki ákvörðun um sekt vegna brota á gr. 9.6.1.

III

Í greinargerð áfrýjanda fyrir áfrýjunardómstóli KSÍ er gerð sú krafa að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði felldur úr gildi og að áfrýjanda verði dæmdur 0-3 sigur í leik félagsins gegn kærða sem fram fór í Bestu deild kvenna þann 20. ágúst sl. Þá gerir áfrýjandi til vara kröfu um að kærða verði gert að greiða sekt til KSÍ.

Áfrýjandi lýsir málsatvikum sem svo að á upphaflegri rafrænni leikskýrslu, sem var aðgengileg 75 mínútum fyrir leik, hafi átta varamenn verið skráðir hjá G/N og þar af aðeins einn leikmaður sem var gjaldgengur í 2. aldursflokk félagsins (20 ára eða yngri á almanaksárinu). Áfrýjandi kveður að einhvertímann frá 75 mínútum til 63 mínútum fyrir leik hafi forráðamaður G/N breytt leikskýrslunni og bætt við níunda varamanninum, Emersen Jennings, sem sé erlendur leikmaður og langt yfir aldursmörkum 2. aldursflokks. Í lokagerð leikskýrslunnar hafi því verið skráðir níu varamenn hjá G/N en aðeins einn þeirra uppfyllt ófrávíkjanleg aldurskilyrði þess að hafa fleiri en sjö varamenn á leikskýrslu. Áfrýjandi greinir frá því að á 57. mínútu leiksins hafi tveir varamenn komið inn á fyrir G/N, áður nefnd Emersen Jennings og Santa Snija Vuskane. Báðir þessir leikmenn hafi skorað mark á 90. mínútu leiksins í 4-0 sigri G/N.

Áfrýjandi byggir á því að aga- og úrskurðarnefnd hafi komist að efnislega rangri niðurstöðu í hinum áfrýjaða úrskurði og að háttsemi kærða geti ekki falið í sér gáleysi með vísan til þess að það sé skylda félaga að þekkja og fylgja reglum. Áfrýjandi kveður kærðu án vafa hafa haft fulla vitneskju um að Emersen Jennings væri ekki í 2. aldursflokki og jafnframt að aðeins einn 2. flokks leikmaður hafi verið á bekknum. Sú háttsemi að bæta níunda leikmanninum á leikskýrslu hafi því verið meðvituð ákvörðun og leikreglur verið brotnar með skýrum ásetningi til að styrkja varamannabekkinn.

Áfrýjandi byggir á því að það sé röng lögskýring að komast að þeirri niðurstöðu að lið geti aðeins verið ólöglega skipað ef einstaka leikmenn skorti keppnisleyfi eða séu í leikbanni. Kveður

áfrýjandi að hugtakið skipan liðs taki til leikmannahópsins í heils sinni á leikskýrslu og þegar reglur kveði á um að lið megi að hámarki hafa sjö varamenn en til viðbótar þeim tveimur leikmönnum úr 2. flokki sé lið sem mæti með níu varamenn án þess að uppfylla skilyrði reglnanna ólöglega skipað. Þetta kveður áfrýjandi skapa forskot af íþróttalegum toga og að níundi varamaðurinn hafi engan lagagrundvöll til að vera á leikskýrslu eða koma inn á völlinn. Þá vísar áfrýjandi til þess að ákvæðið eigi aðeins við um varamenn og því skipti engu máli þó einhver úr 2. flokki hafi verið í byrjunarliðinu. Með vísan til þessa hafi liðið verið ólöglega skipað og viðurlög þess séu skýr.

Áfrýjandi vísar til þess að meginregla gr. 9.6 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót takmarki fjölda varamanna á leikskýrslu í meistaraflokki við sjö leikmenn og að gr. 9.6.1 feli í sér undantekningu sem sé sérstök ívilnandi regla til hagsbóta fyrir lið sem búa til uppalda leikmenn. Tilgangur hennar sé að verðlauna og hvetja félög til að ala upp og gefa ungum leikmönnum tækifæri. Áfrýjandi byggir á því að heimild til þess að tefla fram tveimur auka varamönnum sé keppnislegt forskot sem verði að vinna sér inn með því að hafa unga leikmenn á bekknum. Áfrýjandi kveður það grafa undan reglunni ef brot á henni varði aðeins sekt og að það skapi hættulegt fordæmi ef efnameiri félög geta keypt sér stærri og sterkari varamannabekk eldri leikmanna með því að greiða aðeins sekt og halda ávinningi innan vallar. Þetta telur áfrýjandi grafa undan heiðarleika keppninnar og jafnræði liða.

Áfrýjandi byggir enn fremur á því að félögum í efstu deild beri fortakslausa skyldu til þess að þekkja og virða leikreglur mótsins og að málsástæður um tímapressu við að fylla út leikskýrslu, óvænt skipti vegna meiðsla eða að liðstjórn hafi yfirsést reglan feli ekki í sér lögmæta afsökun. Kveður áfrýjandi að sönnunarbyrðin um að um óviðráðanleg mistök hafi verið að ræða hvíla að fullu á kærða sem áfrýjandi telur ekki hafa sýnt fram á annað en að hafa tekið meðvitaða ákvörðun um að stækka hópinn sinn.

Að lokum byggir áfrýjandi á því að það að hafna því að beita kærða sektum með vísan til þess að framkvæmdastjóri KSÍ fari með sektarvald samkvæmt reglugerð feli í sér ranga málsmeðferð og neitun um réttarvernd. Áfrýjandi byggir á því að nefndinni hafi borið að leysa úr kærinni efnislega og kveða á um viðurlög í stað þess að láta staðfest brot óátalið.

IV

Kærði krefst aðallega frávísunar en til vara staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði.

Kærði byggir frávísunarkröfu sína á fyrirmælum um áfrýjunarfrest í gr. 4.3 reglugerðar KSÍ um áfrýjunardómstól og gr. 17.3 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðamál þar sem kemur fram að frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ sé 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar var kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með. Áfrýjandi byggir á því að frestur til áfrýjunar hafi verið til 5. september sl. þar sem laugardagar og sunnudagar teljist ekki til almennra frídaga í íslenskum rétti og að KSÍ hafi getað notast við annað orðalag ef vilji hafi staðið til þess að einskorða áfrýjunarfrest við virka daga. Með vísan til þess að áfrýjun barst 7. september sl. hafi frestur til áfrýjunar verið liðinn og af þeim sökum beri að vísa málinu frá áfrýjunardómstóli KSÍ.

Kærði byggir varakröfu sína um staðfestingu hins áfrýjaða úrskurðar á sömu sjónarmiðum og hlutu staðfestingu í hinum áfrýjaða úrskurði. Kærði vísar til þess að ekki séu nein ný gögn lögð fram til áfrýjunardómstóls KSÍ og að áfrýjunardómstóli KSÍ beri að sýna mati aga- og úrskurðarnefndar hæfilegt aðhald, enda liggi ekki nein ný gögn fyrir sem gefi tilefni til að hnekkja því.

Kærði mótmælir því að leikskýrsla hafi verið vísitandi ranglega fyllt út og kveður ekki unnt að skýra hugtakið „vísitandi“ með vísan til refsiréttarlegra kenninga um ásetning. Hvað sem því líði sé ásetningur ávallt byggður á einhverri vitneskju um áhættuna sem tekin er en gleymaska og mannleg mistök feli þvert á móti í sér skort á slíkri vitund. Kærði kveður áfrýjanda rugla saman aðskildum úrlausnarefnum, þ.e. annars vegar hlutlægri og skilyrðislausri skyldu félaga til að þekkja og fara eftir keppnisreglum og hins vegar þeirri huglægu spurningu hvort leikskýrsla hafi verið vísitandi ranglega fyllt út. Kærði kveður það að viðurkenna brot á reglu sé annað en að fallast á að brot hafi verið framið af ásetningi og að gr. 37.6 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót geri einmitt ráð fyrir því að brot á gr. 9.6.1 geti og muni í flestum tilvikum eiga sér stað án þess að það sé vísitandi. Kærði byggir á því að upptalning gr. 36.3 um fölsun á nafni eða kennitölu þátttakanda marki eðli og alvarleika þeirra tilvika sem ákvæðinu er ætlað að ná til, þ.e. vísitandi blekkingu um auðkenni eða stöðu tiltekins leikmanns. Breyting sú sem mál þetta varðar hafi á hinn bóginn átt sér stað fyrir opnum tjöldum með milligöngu dómara rúmri klukkustund fyrir leik og sé fjarri þeim dæmum sem ákvæðið tiltekur.

Kærði byggir á því að ákvæði 1. mgr. gr. 36.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, sem fjallar um ólöglega skipað lið, eigi ekki við í málinu. Vísar kærði til umfjöllunar hins áfrýjaða úrskurðar og kveður óumdeilt að allir leikmenn kærða sem tóku þátt í leiknum hafi verið hlutgengir. Kærði kveður jafnframt að lögskýring þess efnis að sérhvert brot á gr. 9.6.1 jafngildi því að lið sé ólöglega skipað með þeim afleiðingum að leikur teljist ávallt tapaður geri viðurlagaákvæði gr. 37.6 tilgangslaust, enda þyrfti reglugerðin ekki að taka sérstaklega fram að slíkum viðurlögum væri beitt ef leikskýrsla hafi jafnframt verið vísitandi ranglega fyllt út. Kærði vísar til þess að það beri að forðast lögskýringu sem geri sjálfstætt ákvæði reglnanna tilgangslaust og marklaust.

Kærði viðurkennir brot gegn gr. 9.6.1 og kveðst reiðubúinn að sæta sekt sem framkvæmdastjóri KSÍ ákveður með fyrirvara um fjárhæð sektarinnar en tekur undir með hinum áfrýjaða úrskurði um að það sé ekki innan valdsviðs annarra en framkvæmdastjóra KSÍ að ákvarða sekt í þessu tilfelli.

Kærði mótmælir því að brotið hafi leitt til mismununar og taktískra yfirburða og kveður framsetningu áfrýjanda sýna fram á skilningsleysi á ákvæðum reglugerðarinnar. Vísar kærði til þess að nauðsynlegt sé að meta hverju sinni hvort brotið sé framið vísitandi og því sé ekki unnt að halda því fram að efnameiri félög geti keypt sér stærri og sterkari varamannabekk. Að lokum vísar kærði til þess að það sé í anda gilda ungmennafélaga að mistökum verði mætt með sanngirni fremur en þyngstu mögulegu refsingu.

V

Dómurinn hefur yfirfarið öll gögn málsins.

Kærði krefst frávísunar með vísan til þess að frestur til áfrýjunar hafi verið liðinn þegar áfrýjun barst skrifstofu KSÍ þann 7. september sl. Samkvæmt gr. 4.3 reglugerðar KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ og gr. 17.3 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál er áfrýjunarfrestur þrír dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar var kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með. Dómurinn telur ljóst bæði af orðalagi ákvæðisins og framkvæmd hjá KSÍ að tilvísun til almennra frídaga taki til laugardaga og sunnudaga. Þetta leiðir af jafnt almennri orðskýringu sem lögum. Hafa hugtökin lögbundnir frídagar og stórhátíðardagar að mati dómsins ekki áhrif á þessa túlkun enda ekki þau hugtök sem notuð eru í nefndum ákvæðum. Með vísan til þessa er frávísunarkröfu kærða hafnað.

Áfrýjandi krefst þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að Fram verði dæmdur 0-3 sigur í leik gegn G/N sem fram fór í Bestu deild kvenna þann 20. ágúst 2026 með vísan til 2. máls. gr. 37.6 og 1. mgr. 36. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Fyrir liggur að enginn ágreiningur er á milli aðila um að kærði hafi mætt til leiks með níu varamenn þrátt fyrir að aðeins einn þeirra hafi verið gjaldgengur í 2. aldursflokk félagsins, sbr. gr. 9.6.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Ákvæði gr. 37.6 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót hljóðar svo:

„Lið, sem nýtir sér heimild skv. grein 9.6.1 til að skrá 9 varamenn á leikskýrslu og a.m.k. tveir varamanna eru ekki gjaldgengir í 2. aldursflokki þá skal hlutaðeigandi félag sæta sekt að upphæð allt að kr. 250.000,-. Sé um að ræða brot á grein 9.6.1. og leikskýrsla hefur vísitandi verið ranglega fyllt út skal farið eftir grein 36.3.“

Að mati dómsins er ljóst að um er að ræða sérákvæði um viðurlög við brotum á gr. 9.6.1 sem gangi frammar öðrum almennari viðurlagaákvæðum reglugerðarinnar. Þá liggur jafnframt fyrir að umrætt ákvæði tók gildi í kjölfar 79. ársþings KSÍ sem fór fram í febrúar 2025 og er þannig yngri en viðurlagaákvæði 36.1. reglugerðarinnar um ólöglega skipað lið. Með vísan til framangreinds telur dómurinn óumflýjanlegt að skýra regluna sem bæði sérreglu og yngri reglu sem gangi frammar eldri almennum ákvæðum sem kunna að varða sama brot.

Dómurinn telur með vísan til þessa og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar að beita skuli ákvæði gr. 37.6 í málinu. Þá tekur dómurinn undir með hinum áfrýjaða úrskurði að eins og atvikum sé háttað hafi ekki tekist að sanna að brot kærða á gr. 9.6.1 hafi verið framið vísitandi og því séu skilyrði þess að dæma úrslit leiksins ógild og kveða á um 0-3 sigur Fram í leiknum ekki uppfyllt.

Samkvæmt 1. mgr. 37. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót tekur framkvæmdastjóri KSÍ ákvörðun um sektir og bætur samkvæmt ákvæðinu í heild sinni, þ.m.t. gr. 37.6. Dómurinn telur ljóst að leikskýrsla kærða hafi brotið gegn gr. 9.6.1 og af skýrum fyrirmælum gr. 37.6 skuli kærði sæta sekt, samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ, að fjárhæð allt að kr. 250.000,-. Vegna afdráttarlauss ákvæðis 1. mgr. 37. gr. reglugerðarinnar er það hins vegar á forræði framkvæmdastjóra KSÍ en ekki dómsins að leggja á slíka sekt og er því óhjákvæmilegt að vísa varakröfu áfrýjanda frá dómi.

Með vísan til framangreindra forsendna og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ er niðurstaða hins áfrýjaða úrskurðar staðfest.

Dómsorð:

Staðfest er niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 2/2026 þess efnis að úrslit úr leik Grindavík/Njarðvík gegn Fram sem fram fór á JBÓ vellinum í Njarðvík þann 20. ágúst 2026 skulu standa óhögguð.

Varakröfu áfrýjanda um greiðslu sektar er vísað frá dómi.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Halldór Brynjar Halldórsson [sign]

Lúðvík Örn Steinarsson [sign]